

Ár 2004, miðvikudaginn 21. apríl, er dómþing Dómstóls Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí) haldið af Halldóri Halldórssyni dómara í dómstól ÍSí sem dómsformanni, Halldóri Frímannssyni, dómara í dómstól ÍSí og Sigurveigu Þ. Sigurðardóttur lækni.

Fyrir er tekið:

Mál nr. 1/2004

Krafa Lyfjaráðs ÍSí um að

Snorri Gunnar Sigurðsson

verði dæmdur í keppnisbann.

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

DÓMUR

I

Mál þetta er höfðað með kæru Lyfjaráðs ÍSí dagsettri og móttækinni af skrifstofu ÍSí 15. mars sl.

Kærður er Snorri Gunnar Sigurðsson, kt. 011169-3179, skráður félagi í Birninum í Reykjavík.

Kröfur kæranda.

Þess er krafist að Dómstóll ÍSí dæmi kærða í bann við þátttöku í æfingum, keppnum og sýningum á vegum ÍSí, sambandsaðila ÍSí eða félaga eða deilda innan þeirra. Þá er þess krafist að kærði verði sviptur rétti til að gegna trúnaðarstörfum fyrir ÍSí, sambandsaðila þess eða félög eða deildir innan þeirra í 6 mánuði frá uppkvaðningu dómsins að telja.

Halldór Halldórsson dómari í Dómstól Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands fékk mál þetta til afgreiðslu 18. mars sl. Þann 24. mars úrskurðaði Halldór Halldórsson kærða í 4 vikna bráðabirgðabann og er kærði samkvæmt því nú í banni. Samkvæmt skýrum ákvæðum greinar 23.6 laga ÍSí er dómurinn fjölskipaður þrátt fyrir að um útivistarmál sé að ræða.

Þegar krafa um bann til bráðabirgða var tekin fyrir voru eftirtalin skjöl lögð fram. Nr. 1 krafa um bráðabirgðabann. Nr. 2 bréf Lyfjaeftirlitsnefndar ÍSí til Lyfjaráðs ÍSí. Nr. 3. lyfjaeftirlitsblað nr. 807 varðandi töku sýnis. Nr. 4. bréf Huddinge Universitetssjúkhus dags. 3. desember sl. Nr. 5 hluti félagatals Bjarnarins.

Nr. 6 móttökukvittun. Öll þessi skjöl eru hluti af þessu máli og því til viðbótar er nú lagt fram nr. 7 kára Lyfjaraðs ÍSÍ.

II

Í kæru er málavöxtum lýst þannig, að kærði hafi gefið þvagsýni (A- og B sýni) við reglubundið lyfjaeftirlit í tengslum við keppni í ísknattleik þann 5 febrúar sl. Sýnið hafi síðan verið sent til greiningar á Huddinge Universitetssjúkhus í Svíþjóð. Niðurstaða greiningar á A-sýni bárust Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ í byrjun síðasta mánaðar. Niðurstöður sýndu að í sýninu var að finna efedrín, 23 µg/ml sem sé meiri styrkur en heimilt er samkvæmt lista Alþjóða Ólympíunefndarinnar yfir bönnuð efni og aðferðir, sem Framkvæmdastjórn ÍSÍ hefur staðfest að gildi innan ÍSÍ en hámarksstyrkur efedríns sé 10 µg/ml.

Í kærinni kemur einnig fram að íþróttamaðurinn hafi játað brot sitt og kynnt Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ að óþarft sé að greina B-sýni.

Í samræmi við ákvæði greinar 27.5 var kærða gefinn kostur á að skila greinargerð áður en krafa um bráðabirgðabann var tekin til úrlausnar en það gerði hann ekki. Þá hefur hann heldur ekki látið þennan þátt málsins til sín taka.

III

Kærandi vísar kröfu sinni til stuðning til greinar 44.1 a í lögum ÍSÍ. Þar sem fram kemur að lyfjamisnotkun er bönnuð og að brot teljist framið ef efni sem er bannað samkvæmt lista Alþjóða Ólympíunefndarinnar finnst í líkama eða líkamsvökvum íþróttamanns við lyfjaeftirlit. Kærandi telur sannað að kærði hafi gerst sekur um lyfjamisnotkun. Hvað refsingu varðar vísar kærandi til 46. gr. í nefndum lögum ÍSÍ.

Að mati kæranda er nauðsynlegt að þeir sem gerast sekir um misnotkun lyfja gegni ekki trúnaðarstörfum innan íþróttahreyfingarinnar á sama tíma og þeir eru í æfinga- og keppnisbanni. Þá telur kærandi að slíkt bann sé til þess fallið að auka traust almennings á íþróttahreyfingunni.

IV

Þess er áður getið að kærði hefur ekki látið málið til sín taka. Í samræmi við boðun kærða til þingsins er málið tekið til dóms og dæmt í þeim búngingum sem það nú er að því marki sem kröfur kæranda eru í samræmi við þau gögn sem lögð hafa verið fyrir dóminn.

Gögn málsins benda ótvírætt til þess að kærði hafi neytt efedríns í óleyfilegu magni. Samkvæmt ákvæðum greinar 46. 2. í lögum ÍSÍ skal refsing fyrir fyrsta brot

vegna misnotkunar á efedríni eða skyldum efnum vera 6 mánaða óhlutgengi til þátttöku í æfingum, keppni og sýningum sem fram fara á vegum ÍSÍ, sambandsaðila þess eða félaga eða deilda innan þeirra. Kærði hefur ekki áður verið fundinn sekur um misnotkun lyfja og ber því að fallast á kröfu kæranda um 6 mánaða keppnisbann enda hefur ekkert verið lagt fram í málinu sem leiða ætti til mildari refsingar. Bannið skal gilda frá og með 24. mars sl. en þann dag var kærða tilkynnt að hann hefði verið dæmdur í æfinga og keppnisbann í fjórar vikur til bráðabirgða.

Í dómi Dómstóls ÍSÍ í máli nr. 6/2003 var fallist á kröfu þess efnis að dæma einstakling, sem fallið hafði á lyfjapróf, tímabundið til útilokunar frá trúnaðarstörfum fyrir íþróttahreyfinguna. Í nefndum dómi var því jafnframt slegið föstu að ekki þyrfti í öllum tilfellum að fara saman lengd keppnisbanns og lengd banns við því að gegna trúnaðarstörfum. Mál þetta er hliðstætt nefndu máli og þykir rétt með vísan til þess fordæmis sem gefið var í máli nr. 6/2003 að fallast á kröfu kæranda og dæma kærða í bann við að gegna trúnaðarstörfum fyrir íþróttahreyfinguna og þykir rétt að það bann taki gildi þegar dómur þessi er birtur kærða og gilda þar til æfinga- og keppnisbann hans rennur út.

Dóm þennan kveða upp Halldór Halldórsson og Halldór Frímansson dómara í dómstól ÍSÍ og Sigurveig Þ. Sigurðardóttir læknir. Skrifstofa ÍSÍ mun annast birtingu hans fyrir kærða og tilkynna ÍSS og Birninum um niðurstöðu dómsins.

DÓMSORÐ

Kærði, Snorri G. Sigurðsson, kt. 011169-3179, er óhlutgengur til þátttöku í æfingum, keppnum og sýningum á vegum ÍSÍ, sambandsaðila ÍSÍ eða félaga eða deilda inna þeirra í 6 mánuði frá 24. mars 2004 að telja.

Kærða er óheimilt að gegna trúnaðarstörfum fyrir ÍSÍ, sambandsaðila ÍSÍ eða félög eða deildir innan þeirra frá birtingu dómsins til 24. september 2004.

Halldór Halldórsson

Halldór Frímansson

Sigurveig Þ. Sigurðardóttir